

10. fundur landssambandsstjórnar DKG haldinn 27.04. 2022 kl. 19:30 – 20:45 fjarfundur

Mættar eru: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Þetadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir, vefstjóri.

Boðuð forföll: Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi.

Dagskrá:

Samþykkt að taka fundagerð 9. fundar frá 6. apríl til yfirlstrar og samþykktar á næsta fundi.

1. Vorráðstefnan 7. maí nk. - staða undirbúnings og næstu skref

- Guðrún Edda hefur sent út póst á formenn deilda til að minna á skráningu á vorráðstefnunna. Auk þess eru upplýsingar um hana á FB, í fréttabréfi forseta og sem viðburður á FB. Hluti dagskrár fylgdi með í pósti til formanna.
- Umræður um þátttöku deilda. Landssambandsstjórnin hvetur sínar deildir. Umræður um hvort gera megi meira til að hvetja konur til þátttöku eins og t.d. að biðja formenn um að fá 2-3 konur úr sinni deild til að mæta.
- Gert er ráð fyrir aukinni skráningu þegar nær dregur.
- Guðrún Edda hefur verið í sambandi við menntamálanefnd sem mun sjá um framkvæmd umræðna og padlet.
- Tónlistaratriði - Guðrún Edda hefur haft samband við Tónskóla Sigursveins um að fá ungan gítarista til að spila og mun fá það staðfest á morgun.
- Gail Goolsby - Umræður um upptöku á erindi hennar og möguleika á læstri deilingu. Eygló bendir á auðvelda leið með tvöfaldri læsingu, okkar læsta svæði og læsing á YouTube.
- Fyrirlestur Gail Goolsby á Zoom - Hlekkur mun sendur út til að hægt sé að hlusta á fyrirlesturinn í rauntíma.
- Ákveðið hefur verið að taka upp aðra fyrirlestra og mun Erla Stefánsdóttir gera það, hún er vön og vandvirk.
- Nælur - Ingibjörg Elsa mun afhenda þær Guðrúnu Eddu.
- Ráðstefnustjóri verður Guðrún Edda og mun hún kynna nýja landssambandsstjórn.
- Nafnspjöld - hafa verið send á Guðrúnu Eddu og spjöld verða gerð fyrir nýjar konur. Guðný tekur að sér að afhenda þau við móttöku. Einnig mun hún hafa samband við Ingibjörgu Einars varðandi fánann.
- Þorgerður tekur að sér að lýsa og gera stutta grein fyrir dagskrá ráðstefnunnar.
- Ingibjörg Elsa tekur að sér að kaupa 12 rósir.
- Guðrún Edda og Aníta kíkja á salinn e.h. á föstudag.

2. Framlag vegna DKG European Achievement Award (Evrópsku heiðursverðlaunin) og vegna ferðakostnaðar Evrópuforseta

Rætt um greiðslur sem Guðrún Edda lætur af hendi við ferð sína á fund í European Forum um helgina.

- 1 evra greidd frá öllum félögum deilda vegna ferðakostnaðar Evrópuforseta.
- European Achievement Award (Evrópsku heiðursverðlaunin) - Guðrún Edda gerir grein fyrir verðlaunagrip sem hannaður er af skartgripahönnuði, silfurnæla með táknum félagsins. Nú þarf DKG Ísland að greiða sinn hlut í 5 nælum, 75 evrur. Fundurinn samþykkir að Guðrún Edda, sem er fulltrúi í European Forum, afhendi þessar greiðslur á næsta fundi sem hún sækir í Amsterdam í lok apríl.

3. Fulltrúi Íslands í Europe Forum næstu 2 ár

Umræður um þátttöku Íslands í European Forum og starf nefndarinnar. Guðrún Edda hefur setið í nefndinni í 2 ár og hefur óskað eftir lausn þar sem hún er orðin forseti Íslandsdeildar. Rætt um að gott væri að fulltrúi Íslands í nefndinni hefði tengsl við landssambandsstjórnina. Aníta Jónsdóttir gaf kost á sér og var það samþykkt einróma.

Önnur mál

- Umræður um íslenskan fána á Alþjóðaráðstefnunni í New Orleans.
- International Achievement Award - Guðrún Edda leggur til að greiða Evrópuforsetanum, Margaritu Hanschmidt, atkvæði Íslands en hún er tilnefnd til verðlaunanna. Var það samþykkt einróma.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 20:45

Næst, Vorráðstefnan 7. maí kl. 09:00

Fundargerð ritaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir